



Borgarráð

Umsögn um erindi Skáksambands Íslands um styrk vegna afmælishátíðar einvígis aldarinnar

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsfundaráðs 26. apríl 2022 var lagt fram að nýju bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 9. mars 2022 þar sem vísað er til umsagnar menningar-, íþróttá- og tómsfundaráðs erindi Skáksambands Íslands dags. 4. mars 2022 þar sem óskað er eftir styrk vegna afmælishátíðar einvígis aldarinnar – heimsmeistaramótið í Fischer-slembiskák.

Menningar-, íþróttá- og tómsfundaráð mælir með að Skáksambandið verði styrkt vegna þessa. Viðburðurinn mun hafa jákvæð áhrif á skáklíf Reykjavíkurborgar. Við ákvörðun styrkuppþæðar er rétt að líta til styrkja vegna Borgarhátíða o.þ.h. hátíða.

Ómar Einarsson,
sviðsstjóri ÍTR.

Frá: Viktoría Júlía Laxdal <Viktoria.Julia.Laxdal@reykjavik.is>
Sent: miðvikudagur, 9. mars 2022 15:07
Til: Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð <mit@Reykjavik.is>
Efni: Fw: Styrkumsókn - afmælishátíð einvígis aldarinnar

Heil og sæl

Meðfylgjandi bréf Skáksambands Íslands, dags. 4. mars 2022, varðandi afmælishátíð einvígis aldarinnar er sent menningar-, íþróttá- og tómstundaráði til meðferðar.

Viktoría Júlía Laxdal

Verkefnastjóri, skrifstofu borgarstjórnar

Ráðhúsi Reykjavíkur, Vonarstræti 11, 101 Reykjavík

Tölvupóstfang: viktoria.laxdal@reykjavik.is

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum <http://www.reykjavik.is/trunaður>



Afmælishátíð einvígis aldarinnar Magnús Carlsen meðal þátttakenda

Reykjavík, 4. mars 2022

Hr. Borgarstjóri
Dagur B. Eggertsson

Skáksamband Íslands sækir hér með um 43 milljóna kr. stuðning til að halda heimsmeistaramótið í Fischer-slembiskák sem færi fram í Hörpu í október/nóvember nk. Um er að ræða 1/4 af áætluðum kostnaði við mótið. Ríkisstjórn Íslands hefur þegar ákveðið að styrkja mótið um 43 milljónir.

Tilfnið er ærið, eða afmælishátíð einvígis aldarinnar (allra tíma) sem fram fór í Laugardalshöllinni árið 1972. **Vart þarf að nefna við ykkur þann sess sem einvígið hefur í sögu Reykjavíkur.**

Um yrði að ræða 6-10 manna mót. Meðal þátttakanda yrði heimsmeistarinn í skák, hinn norski **Magnús Carlsen**. Jafnframt er tryggt að núverandi heimsmeistari í slembiskák, Bandaríkjamaðurinn **Wesley So**, yrði meðal þátttakanda, sem og fulltrúi Íslands.

Magnús Carlsen sjálfur er mikill Íslandsvinur og er sem slíkur ákaflega mikilvægur þegar kemur að undirbúningi og kynningu slíks móts hérlendis. Hann sló fyrst almennilega í gegn á alþjóðlegu móti í Nasa árið 2004 þegar hann gerði sér lítið fyrir og gerði jafntefli við **Garry Kasparov** og hefur borið miklar taugar til lands og þjóðar síðan. Kasparov yrði boðið að taka þátt en líklegra er að hann kysi að koma sem gestur.

Undankeppni um önnur sæti yrði haldin á netinu. Gera má ráð fyrir að þau skipi allra sterkustu skákmenn heims. Reiknað er með að mótið taki um viku. Tefld verði atskák og notast við útsláttarfyrirkomulag.

Um yrði að ræða einn allra stærsta skákviðburð ársins 2022 á heimsvísu. Eina opinbera heimsmeistaramót í Fischer-slembiskák sem farið hefur fram, var haldið í Bærum í Noregi árið 2019 og vakti heimsathygli.

Fischer-slembiskák fer þannig fram að peðunum er raðað upp á hefðbundinn hátt. Mönnunum er hins vegar raðað upp á tilviljunarkenndan hátt en þó með nokkrum reglum. Mögulegar upphafsstöður eru 960. Vægi Fischer-slembiskákar hefur verið að aukast undanfarin ár, ekki síst vegna þess að þessi tegund af skák útilokar að mestu langar fyrirfram lærðar leikjaraðir í byrjunum. Fischer sjálfur fann upp slembiskákina og þróaði hana t.d. með **Polgar-systrunum**.

Þess yrði freistað að fá Magnús Carlsen til að dvelja lengur á Íslandi og kynna skáklistina. Tilvalið væri að biðja Magnús um að kynna mikilvægi skákarinnar fyrir skólakrökkum í Reykjavík.

Rannsóknir hafa sýnt að skák hjálpar við nám og eflir einbeitingu.

Ekki bara skákmót

Þótt að mótið yrði hápunktur afmælishátíðarinnar þá stendur ýmislegt annað til. Ýmsar hugmyndir eru á teiknaborðinu:

- Alþjóðlegt mót – samhliða í Hörpu.
- Kvennamót í samstarfi við Alþjóða skáksambandið (FIDE). Árið 2022 er ár kvennaskákar.
- Sérviðburður í Laugardalshöll.
- Sýning á munum úr einvíginu.
- Málþing/fyrirlestrar um einvígi aldarinnar.
- Fjöltefli Magnúsar Carlsen – jafnvel í sjónvarpi.
- Þess verður freistað að fá a.m.k einn fyrrverandi heimsmeistara til að koma til landsins.

Allir viðburðirnir færu fram í Reykjavík.

Verkefnið

Mótið sjálft yrði á vegum Skáksambands Íslands, FIDE og norskra aðila sem eiga réttinn á mótshaldinu.

Flestir sérviðburðir yrðu á vegum Skáksambandsins en sumir í samstarfi við FIDE.

Kynning

Mótið fengi án efa gríðarlega athygli. Það yrði í beinni útsendingu á RÚV og NRK í Noregi. Jafnframt yrði því streymt á öllum helstu skákmiðlum heims. Gera má ráð fyrir að þúsundir manna myndu fylgjast með í sjónvarpinu og í streymi.

Að auki má ætla að nokkur hundruð erlendra gesta kæmu til Reykjavíkur. Alþjóðlega mótið sem haldið verður samhliða er meðal annars ætlað til þess að laða þá að.

Heimildamynd

Til skoðunar er að gera heimildamynd um einvígi aldarinnar en slíkt hefur aldrei verið gert frá sjónarhóli Íslands.

Fjárhagsáætlun

Þessi fjárhagsáætlun er að miklu leyti byggð á upplýsingum frá norsku mótshöldurum sem héldu heimsmeistaramótið 2019. Miðað er við að gengi Bandaríkjadals sé 130 kr.

Kostnaðaráætlunin er upp á 1,5 milljónir dala eða tæpar 195 milljónir króna.

Langstærsti hluti kostnaðarins felst í að fá keppendur til leiks. Innifalið í því eru verðlaun, þóknanir og gisting fyrir keppendur. Auk þess fellur til kostnaður við leyfisgjöld til FIDE og þeirra sem eiga réttinn á heimsmeistaramótinu.

Tekjur	USD	ISK
Stuðningur frá ríkissjóði	330.769	43.000.000
Stuðningur frá Reykjavíkurborg	330.769	43.000.000
Aðrir stuðningsaðilar	738.462	96.000.000
Sjónvarpsréttur	55.000	7.150.000
Sérviðburðir	45.000	5.850.000
Samtals	1.500.000	195.000.000
Kostnaður	USD	ISK
Verðlaun, þóknanir, leyfisfé og gisting keppenda	700.000	91.000.000
Sérviðburðir	180.000	23.400.000
Útsendingar og tækni­mál	150.000	19.500.000
Laun og þóknanir	125.000	16.250.000
Ferðalög og gisting	100.000	13.000.000
Keppnishöll og innréttingar	100.000	13.000.000
Annar kostnaður	50.000	6.500.000
Opnunarhátíð	35.000	4.550.000
Lokahátíð	35.000	4.550.000
Vefsíða	25.000	3.250.000
Samtals	1.500.000	195.000.000

Myndir frá heimsmeistaramótinu í Bærum 2019



